

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna breytingar á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Kinn - veglína B.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/5



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Norðausturvegur á milli Rauðuskriðu og Húsabakka, mynd er tekin í norð-austur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/5

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	3
SAMANTEKT.....	10
HEIMILDASKRÁ.....	11

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur sá um fornleifaskráningu sumarið 2023 á framkvæmdasvæði Vegagerðarinnar vegna breytinga á veglínu á Norðausturvegi við Skjálfandafljót í Kinn. Framkvæmdasvæðið nær frá Hálsi til Tjarnar í Þingeyjarsveit. Að kröfu Vegagerðarinnar voru fornleifar skráðar 150 m í báðar áttir frá miðlínu áætlaðs vegarstæðis. Í framhaldi af fornleifaskráningunni 2023 var ákveðið sumarið 2024 að skoða aðra veglínu, kölluð veglína B. Sú veglína er að mestu leyti eins og núverandi vegur liggur og voru einnig skráðar fornleifar 150 m út frá þeirri veglínu til samanburðar. Í þessari skýrslu voru einungis skráðir þeir minjastaðir sem bætast við ef veglína B er valinn.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Vegagerðin útvegaði. Fyrir utan fornleifaskráninguna sem var gerð sumarið 2023 var aðeins til skýrsla um skriflegar heimildir um menningarminjar á jörðunum. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í september 2024. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum heimildarmönnum sem veittu góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 3423.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir voru sett í lög ákvæði um að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til að byggja sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn, loftmyndir og loftmyndasjá Landmælinga Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal, svæðisskráning“⁷ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um menningarminjar á svæðinu. Til hliðsjónar öllum þessum gögnum var einnig notast við upplýsingar úr bókinni „Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi“ en þar hefur Árni Einarsson kortlagt forn garðlög út frá loftmyndum.⁸ Þar að auki veittu landeigendur góðar upplýsingar um menningarminjar á jörðunum. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf frá 2021 sem Vegagerðin útvegaði.

4. Fornleifaskrá

Rauðaskriða:

Fornleifanúmer: 3423-01

Hnit: A568797.5 N594967.3 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Í kringum 300 m norð-austur af heimreiðinni að Rauðuskriðu um 40 m austan við þjóðveginn er garðlag sem liggur yfir mýrina í austur um 274 m að lengd. Garðlagið er um 1,4-1,8 m á breidd og hæð um 0,2-0,4 m. Samkvæmt heimildarmanni þá telur hann að garðlögin á þessu svæði hafi verið hluti af áveitukerfi en heyjað var í mýrinni áður fyrr.⁹

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Hildur og Sædis, 2001, bls. 39-278

⁸ Árni Einarsson, 2019, bls. 145-147.

⁹ Theódór Árnason, munnleg heimild.



Mynd 1. Áveitugarður, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3423-02

Hnit: A568893.8 N595363.7 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Annað garðlag er um 700 m í norð-austur við heimreiðina að Rauðuskriðu um 28 m austan við þjóðveginn. Það liggur í norð-austur um 160 m yfir mýrina. Garðlagið er um 1,6-2 m á breidd og hæð um 0,2-0,5 m.



Mynd 2. Áveitugarður, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3423-03

Hnit: A568995.3 N595763.6 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Þriðja garðlagið er um 1,15 km norð-austur af heimreiðinni að Rauðuskriðu, um 18 m austan við þjóðveginn og liggur um 50 m í austur. Breiddin á garðlaginu er 1,2-1,3 m og hæð 0,1-0,2 m.

Austan við garðlagið og mýrina í brekkunni eru heimildir um ýmis mannvirki s.s. Skriðulandsstekk og eyðibýlið Þorsteinsstaðir¹⁰ en búið að afmarka þessa staði í Örnefnasjá Landmælinga Íslands.¹¹

Þar að auki var Árni Einarsson búinn að teikna garðlög á þessum slóðum í bókinni sinni „Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi.“¹² Austan við garðlagið var mýrin ófær og hefði þurft að fara langa vegalengd til þess að skoða þessa staði nánar. Eftir samtal við starfsmann

Vegagerðarinnar var ákveðið að hafa framkvæmdasvæðið styttra en 150 m frá miðlínu vegar á þessu svæði þar sem Vegagerðin færi aldrei að leggja veg innan eða nærri umfangsmiklu minjasvæði.



Mynd 3. Áveitugarður, mynd er tekin í austur.

Garður og Hjarðarból:

Fornleifanúmer: 3423-04

Hnit: A568995.3 N595763.6 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í bókinni „Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi“ hefur Árni Einarsson kortlagt forn garðlög út frá loftmyndum. Fyrir framan Núpinn hefur hann teiknað garðlög sem myndar nokkurs konar kross.¹³

¹⁰ Örnefnaskrá Rauðuskriðu, bls. 3-5.

¹¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹² Árni Einarsson, 2019, bls. 147.

¹³ Árni Einarsson, 2019, bls. 147.

Gengið var um svæðið og hægt var að sjá aflanga mishæð í landslaginu sem gætu verið leifar af garði. Hæðin á henni er 0,4-0,6 m og breidd 1,3-2 m. Mishæð þessi er í tveimur hlutum þar sem annar liggur norður-suður en hinn austur-vestur, ekki var hægt að sjá að það myndaði kross eins og það hafði verið teiknað í bókinni hans Árna. Búturinn sem liggur norður-suður var um 58 m á lengd en hinn um 61 m.



Mynd 4. Garðlag framan við Núpinn mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3423-05

Hnit: A570988.3 N599622.2 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Garðs segir: „Síðan gamall garður vestur og bein lína frá honum yfir Tjarnartjörn vestur í vörðu á hól, sem stendur við svokallaða Flatargötu, norðan við Vatnslaut, þaðan norður í Tjarnargjótu, þaðan bein lína í Pétursborg.“¹⁴ Í Örnefnasjá Landmælinga Íslands er búið að afmarka Flatagötu skammt sunnan við Norðausturveg frá gatnamótunum við Aðaldalsveg og aðeins í vestur.¹⁵ Ekki var hægt að sjá nein ummerki um leiðina á staðnum.

Tjörn:

Fornleifanúmer: 3423-06

Hnit: A571184.1 N599851.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús um 230 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Tjörn, þar er nú ræktað tún og engin ummerki um eldri mannvirki.

¹⁴ Örnefnaskrá Garðs, bls. 1.

¹⁵ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

Fornleifanúmer: 3423-07

Hnit: A571206.1 N599953.97 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu var útihús um 310 m norð-vestur af íbúðarhúsinu á Tjörn, þar er nú ræktað tún og engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3423-08

Hnit: A571103.3 N599927.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 285 m norður af gatnamótunum á Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) er túngarður um 17 m austan við þjóðveginn. Túngarðurinn er í girðingarstæði og liggur í sveig suður um 930 m umhverfis túnin á Tjörn að þjóðveginum. Garðlagið er um 0,2-0,4 m á hæð og breidd 1-1,1 m. Gróíð er yfir garðlagið en víða var hægt að sjá móta fyrir grjóthleðslum.



Mynd 5. Túngarður, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3423-09

Hnit: A571070.3 N599993.3 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Skammt norð-vestur af garðlagi 3423-08 var grjóthlaðið garðlag um 22 m austur af þjóðveginum. Líklega hefur það verið hluti af garðlagi nr. 3158-61 sem var skráð sumarið 2023 í fyrri fornleifaskráningu í tengslum við breytingu á Norðausturvegi.¹⁶ Garðlagið var í fjórum hlutum samtals 78 m. Hæðin á garðlaginu var 0,1-0,6 m og breidd 0,3-0,4 m.

¹⁶ Hákon Jensson, 2023, bls. 27.



Mynd 6. Vörslugarður mynd er tekin í norður.



Nafn	TORFUNES-TJÖRN	Dags.	24.04.2025 hj	Skýringar:	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:25000 í A3	Veglína - B og umfang framkvæmdasvæðis vegna vegna breytingu á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandaflljót. Fornleifar og heimildir um fornleifar sem skráðar voru vegna fyrirhugaðra framkvæmda Vegagerðarinnar.	Unnið eftir mynd nr. e538/e548 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2021

5. Samantekt

Í þessari skráningu voru skoðaðar minjar frá Torfunesi til Tjarnar í tengslum við veglínu - B vegna samanburðar á vegalínunum á Norðausturvegi um Skjálfafljótið.

Veglínurnar eru annars vegar ný veglína (veglína - A) þar sem fornleifar voru skráðar 2023 og svo veglína - B sem er að mestu leyti sama veglína og er í dag og þar voru fornleifar skráðar 2024. Í þessari skýrslu voru þó einungis skráðir þeir minjastaðir sem bætast við ef veglína - B er valin. Flestir minjastaðir sem voru skráðir sumarið 2023 í tengslum við veglínu - A eru líka innan við 150 m frá miðlínu veglínu - B.

Skráðir voru níu nýir minjastaðir og af þeim 3 aðeins til sem heimildir. Garðlag nr. 3423-04 hefði átt að fylgja fyrri skráningu en fannst aðeins vegna heimilda frá loftmyndum.

Þegar veglínur A og B eru bornar saman þá byrjar veglína B aðeins norðar samkvæmt aðsendum gögnum frá Vegagerðinni og falla þá út 18 minjastaðir sem voru skráðir 2023 á jörðunum Hálsi og Torfunesi miðað við veglínu B. Ef gengið er út frá því að veglína A hefjist á sama stað og veglína B þá falla út 3 minjastaðir á Þóroddsstöðum í skráningunni frá 2023 ef veglína B er valin. Hins vegar ef veglína A er valin þá falla út átta minjastaðir sem voru skráðir sumarið 2024. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að austan við minjastað nr. 3423-03 í brekkunni eru heimildir um nokkuð magn af minjum sem eru líklega að einhverju leyti um eða innan við 150 m frá miðlínu núverandi vegar. Minjar þessar voru ekki skráðar vegna þess hve erfitt aðgengi var að þeim.

Allir aðrir minjastaðir sem voru skráðir sumarið 2023 eru innan skoðunarsvæði vegagerðarinnar hvort sem veglína A eða B verður valin.

Þegar framkvæmdir hefjast þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. maí 2025.

Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Árni Einarsson. (2019). Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi. Mál og Menning. Reykjavík.

Hákon Jensson. (2023). Fornleifaskráning vegna breytingar á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Kinn.. Rannsóknarskýrslur 2023/6. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðað 13.06.2021.

Heimasíða Minjastofnunar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Hildur Gestsdóttir og & Sædis Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. (2001). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 27.04.2025

Heimildarmenn:

Árni Garðar Helgason, 1966, Húsabakki, Þingeyjarsveit.
Baldvin Kristinn Baldvinsson, 1950, Torfunes, Þingeyjarsveit.
Bergsteinn Helgi Helgason, 1962, Húsabakki, Þingeyjarsveit.
Sigurður Hálfðánarson, 1963, Hjarðarból, Þingeyjarsveit.
Theódór Árnason, 1937, Skriða, Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Tjörn í Aðaldælahreppi í S-Þingeyjarsýslu. (1919). Teiknari Kristján Jónsson Nesi. Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Garður. Aðaldælahreppi. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Rauðaskriða. Aðaldælahreppi. Suður-Þingeyjarsýslu. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.